

# Lífsstíll – málstofa 2011



# Panel umræða

- Markmið: að fá umræðu um stöðuna í framhaldsskólunum og hvaða þróun við sjáum fyrir okkur. Undir þennan lið í heilsueflandi framhaldsskóla fellur m.a. áfengi, ólögleg vímuefni og tóbak.
- Umgjörð: panel og umræða sem nýst geta í vinnu við forgangsröðun við gerð gátlista.
- Þátttakendur: Árni Einarsson FRÆ, Árni Guðmundsson HÍ, Hörður Oddfríðarson SÁÁ, Margrét Lilja Guðmundsdóttir R&G
- Spurningar - málefni: stefnumótun í málaflokknum, reyklusvæði, reykskýli, vímuefnalaus böll, áfengismælar – allir eða sumir, heimsóknir fíkniefnahunda, starf og starfshlutfall forvarnafulltrúa, hjúkrunarfræðingur við skólana, skimun og inngrip vegna áhættuhegðunar – hver og hvernig, fræðsla og endurmenntun starfsfólks um einkenni og viðbrögð, hvar kreppir skóinn og hvar ekki.

# Niðurstöður umræðu

- Málstofan hefst á kynningu á þátttakendum í panel. Þeir sem þar sátu héldu stutta framsögu og gáfu tóninn. Eftir það var orðið láta ganga þar sem allir þátttakendur málstofunnar kynntu sig og þeirra sjónarhorn með áherslu á málefnið eða viðfangsefnisins.
- Fram kom sú skoðun að skýra þyrfti hugtakið Lifsstíll og hvað félli innan þess með tilliti til verkefnisins heilsueflandi framhaldsskóli.
  - Sem dæmi var spurningin um hvort kynheilbrigði félli innan verkefnisins. Það er því mikilvægt að setja sem fyrst af stað vinnu við að skilgreina umfang þessa þátta í Heilsueflandi framhaldsskóla.
- Í umræðum komu fram ýmis sjónarmið varðandi takmarkanir á tóbaksneyslu á lóðum skólana.
- Orðræðu meðal ungs fólks um skaðleysi grasreykinga og hvort það sé vænleg leið að fengin sé hasshundur í skólana og lögmæti þess. Skiptar skoðanir eru um framkvæmd við vímuefnaleit í skólum; hverjum er verið að leita að, er verið að gera alla grunsamlega o.s.v.fv. Varðandi lagalegu hliðina koma fram hjá þátttakenda í panel að sennilega væri lagastoð fyrir slíkri leit. Þó verður að gæta að persónuverndar sjónarmiðum.

# framhald

- Einnig var rædd sú leið sem nokkrir skólar hafa farið að boðið sé upp á að nemendur blási í áfengismæli og ef þau reynist ekki hafa neytt áfengis fari þau í pott þar sem dregnir eru út vinningar. Þessi leið hefur reynst vel sumstaðar og ætti að falla vel að hugmyndum aðalfyrirlesara ráðstefnunnar Clive Blair-Svevens um félagslega markaðsfærslu. Þar sem það er ávinningur af því að drekka ekki í stað þess að refsa þeim sem drekkur. Ekki voru þó allir á þessari nálgun og bent á hversu ólíkir skólarnir eru.
- Yngri en 18 og svo eldri nemendur
  - Rædd var sú lagalega skilda sem hvílir á skólunum varðandi þá nemendur sem eru yngri en 18 ára og bent á að út frá þeirri staðreynd sé um tvo hópa innan skólana að ræða.
- Þá kom fram að nauðsynlegt sé að tryggja samstarf skóla, foreldra og nemenda.
- Stefna ætti að jákvæðri nálgun en um leið ekki gefa afslátt af því lagaumhverfi sem skólunum eru sett varðandi þessi mál.